



## STJÓRNMÁL, LÝÐRÆÐI MARS 2007

### Spurningar 12. mars 2008 í kjölfar myndarinnar „Tillsammans“:

Hvað er besta stjórnarformið? (Hans Marteinn)

- hvað er þægilegasta formið fyrir alla?
- Hafði Churchill rétt fyrir sér þegar hann sagði að lýðræði væri vont stjórnarform, öll hin væru bara enn verri?

þarf að hafa einhvern við völd? (Kalli)

Hvaða stjórnarform notar maður mest í daglegu lífi? (Víglandur)

Af hverju tölum við ekki um lýðveldi?

Hvernig er hægt að hafa lýðræði þegar margar af stóru breytingunum eru gerðar af fyrirtækjum?

þarf að hafa spurningamerki fyrir aftan allar spurningar? (Hans Marteinn)

### Samræða 12. mars: Af hverju tölum við ekki um lýðveldi?

Hver er munurinn á lýðræði og lýðveldi?

- lýðræði er samfélag þar sem lýðurinn ræður
- lýðveldi er samfélag þar sem æðsti ráðamaður er kosinn, t.d. forseti.

Þetta tvennt getur þússlást saman á ýmsa vegur:

- Ísland er lýðræði og lýðveldi: almenningur (lýðurinn) kys fulltrúa til að stjórna landinu og einnig æðsta ráðamanninn, forsetann
- Danmörk er lýðræði en ekki lýðveldi: almenningur (lýðurinn) kys fulltrúa til að stjórna landinu en æðsti ráðamaðurinn er drottningin sem fæðist inn í embætti sitt
- Kúba er ekki lýðræði en er lýðveldi: almenningur hefur lítið vald yfir því hver stjórnar landinu en þar er kosinn forseti.
- Saudi Arabía er hvorki lýðræði né lýðveldi: almenningur hefur lítil völd, allt vald er í höndum konungsfjölskyldu.

Lýðveldi er ekki mjög flókið hugtak en það er lýðræði hins vegar. Spurningar sem koma fljótt upp þegar farið er að skoða hvað felst í lýðræði eru til dæmis:

- Hvaða áhrif hefur spilling á lýðræðið? Hvað er spilling?
  - Spilling er þegar sumt fólk fær meira en annað með því að sveigja leikreglurnar á einhvern hátt. T.d. ef fólk er ráðið í vinnu vegna frændsemi en ekki hæfileika á viðkomandi sviði eða ef nemandi getur keypt góða einkunn frá kennara sínum.

- Hvaða máli skiptir jafnrétti milli einstaklinga?
- Hvaða máli skiptir frelsi einstaklingsins?
- Hver á að hugsa um þá sem hugsa ekki vel um sig sjálfir (t.d. alkohólistar, þunglyndir, þroskaheftir...)

## Tími 14. mars: Heimspekiríkið – tilraun í stjórnsmálaheimspeki

Í tímanum sköpuðu nemendur í heimspekivalinu Heimspekiríkið í Garðaskóla. Ríkið afmarkast af 4 veggjum skólastofunnar og í því eru 10 þegnar. Tilgangurinn með stofnun Heimspekiríkisins var að prófa á eigin beini hvernig ólík stjórnarform líta út og læra þannig meira um stjórnsmál og lýðræði. Þegnarnir skilgreindu afmarkað verkefni til að fást við og var það plássleysi í ríkinu. Síðan prófuðu þeir að leysa þetta vandamál fyrst sem stjórnleysingjar, svo sem einvaldsríki og að lokum sem fulltrúalýðræði. Tvær fyrri tilraunirnar tóku um 5-10 mínútur en sú síðasta tók talsvert meiri tíma eða um 25 mínútur.

### Stjórnleysingjar:

Stjórnlausu samfélagið einkennist af því að enginn einn þegn hefur vald yfir öðrum. Einn stjórnleysingjanna byrjaði á því að benda á það að með því að fækka þegnum myndi plássíð fyrir hina aukast. Þeir borgarar buðu sig í kjölfarið fram og yfirgáfu ríkið og þá voru eftir sjö þegnar í Heimspekiríkinu. Þeir héldu áfram að velta málinu fyrir sér og komust að þeirri niðurstöðu að þótt hver þegn hefði vissulega meira pláss þá væri það ekki endilega gott því ríkið væri orðið 3 þegnum fátækari, og þar með verra ríki.

### Einræðisríkið:

Skipaður var einræðisherrann. B. sem skipaði síðan svo fyrir að til að leysa plássleysið þá ættu þegnarnir að dreifa sér betur um rýmið og nýta það þar með betur. B. einræðisherra byrjaði síðan að skipa þegnum á ákveðin sæti sem gekk vandræðalaust til að byrja með en síðan fór að bera á mótmælum þegnanna og andófi. Mótmælendum var varpað í fangelsi og þá kom upp sú staða að meirihluti íbúa Heimspekiríkisins voru ófrjálsir. B. skipaði föngunum að vinna ákveðin verk í samfélaginu (sópa gólfín) svo að frjálsu þegnarnir gætu sinnt sínum störfum. B. lofaði duglegum fönfum styttri fangavist. Fangarnir voru afar ósamvinnuþýðir og héldu fast í skoðun sína að það væri ekki hægt að skipa þeim fyrir verkum.

Í umræðum í lokin kom fram að Heimspekiríkið hefði ekki verið dæmigert einræðisríki, því þar tíðkast það ekki endilega að þegnarnir mótmæli valdaleysi sínu. Þvert á móti virðast þegnar einræðisríkja oft vera ánægðir með að aðrir stjórnir málum fyrir þá, þá sé hægt að leysa málin fljótt og vel.

### Fulltrúalýðræðið:

Byrjað var á að kalla eftir frambjóðendum í hlutverk þess sem taka ætti ákvörðun um plássleysis-vandamálið í umboði þegnanna. Þrír einstaklingar buðu sig fram og héldu framboðsræður. Síðan fengu aðrir borgarar að spyrja þá spurninga og kalla eftir skýrari skilaboðum um hvernig frambjóðendur ætluðu að haga verkinu. Að loknum fyrirspurnum var haldin leynileg kosning. Kosningabátttaka var 100% og skiptust atkvæði þannig:

Ba.	Bj.	Ví.	Auðir og ógildir seðlar
4	1	2	3

Ba. var þar með kosinn fulltrúi borgaranna til að leysa vandann og hann lagði fram skýra áætlun um hvernig hann ætlaði að fara að því: hann ætlaði að semja við nágrannana í Náttúrufræðiríkinu um kaup á hluta af landi þeirra. Fulltrúinn viðurkenndi að upp gæti komið sú staða á áætlunin hans misheppnaðist ef Náttúrufræðiríkið væri algjörlega ófánlegt til samstarfs. Þá var rætt að nauðsynlegt væri að kjörtímabil fulltrúans væri afmarkað svo að aðrir þegar gætu aftur komið að málinu til dæmis með því að kjósa nýjan fulltrúa í málinu.

### Hugleiðingar nemenda í lok tilraunarinnar um Heimsspekiríkið:

- Lýðræði er orð sem þýðir að lýðurinn ræður. Samfélagið tekur sig saman og finnur sameiginlega ákvörðun yfir eitthvað eitt stórt/lítið málefni. Kostir lýðræðis eru að enginn stjórnar frekar en aðrir. Allir eru jafnir og allar skoðanir hjá hverjum og þeim einstaklingi eru teknar til greina. Gallar lýðræðis eru til dæmis að það er enginn einn sem getur talað fyrir alla þjóðina. Það er mjög mikilvægt í samfélaginu að ákvarðanir sem eru teknar séu sanngjarnar og góðar.
- Lýðræði er þegar lýðurinn kys fulltrúa til að leiða landið. Kosturinn við lýðræði er að lýðurinn getur kosið þann hæfasta til að sjá um vandamálin. Galli er að fólk getur verið með góða kosningabaráttu en skilar síðan engu til þjóðarinnar.
- Lýðræði er stjórnarfar þar sem þjóðin kys fulltrúa til þess að taka ákvarðanir um lausn við vandamála. Mér finnst það gott því að þá hefur þjóðin „rödd.“ Gallinn er að það getur tekið lengri tíma en önnur stjórnkerfi.
- Lýðræði er þegar fólk kys. Þetta er „sanngjarnara“ en önnur stjórnkerfi. Gallinn er að fólk veit ekki rassgat og stundum fara góðar hugmyndir í burtu því þær hljóma ekki vel fyrir öðru fólk.
- Lýðræði er það stjórnarfar sem reynir mest að verða öllum til geðs. Skynsamlegt getur verið að hafa „meirihlutinn ræður“ því þá eru flestir ánægðir en flestir eru ekki allir. Einn kostur við lýðræði er að það hafa allir rödd í samfélaginu. Ef einhver er ósammála

einhverju getur hann oftast en ekki látið breyta því.

Einn galli við lýðræðið er hvað það tekur óendanlega langan tíma að gera hlutina.

- Lýðræði er þegar þjóðin hefur eitthvað með stjórnarfarir í landinu, t.d. með því að kjósa fulltrúa á þing.

Kosturinn við lýðræði er að það er, að mínu mati, aukið frelsi og allir hafa sitt að segja, meirihlutinn ætti að vera sáttur.

Galli við lýðræði er að það er hægt að ?????

- Lýðræði er samfélag þar sem allar ákvarðanir eru teknar út frá sjónarmiðum allra sem hafa kosningarétt. Lýðræði fyrirbyggir einnig möguleikann á því að einhver einn „einræðisherra“ komi og vilji eiga allt og múti lýðnum til að gera allt eftir sinu höfði. Lýðræði er gott til að hafa jafnrétti og ég sé ekki marga galla á þessu stjórnarkerfi.